



Mjólkursamsalan ehf

Speninn



Mjólk í sérflokki

22. september 2014

Haustbeit



Sigríður Bjarnadóttir, mjólkureftirliti MS

Beitarframboð kúnna er mismunandi að magni og gæðum á þessum árstíma og mikilvægt er að ofmeta hvorki það magn sem kýrnar innbyrða né gæði þess fóðurs. Þess vegna þarf að koma á mótis við gripina með viðbótarfóðri og bæta í bæði gróffóður- og kjarnfóðurgjöf eftir þörfum.

- Of lítið heildarmagn fóðurs hefur m.a. neikvæð áhrif á efnainnihald mjólkurinnar.
- Kröftugt fóður eins og grænfóður er trefjalítið með lága þurrefnispósentu og getur haft áhrif á minnkandi fituinnihald mjólkurinnar en gróft fóður með bætir slíkt upp.

Vambar- og búkfylli gripanna segja til um hvort þeir séu að innbyrða nóg af beitinni auk þess sem regluleg holdstigun getur lagt gott mat á það.


Við allar fóðurbreytingar gildir hinn gullni meðalvegur – aukin gjöf heys og kjarnfóðurs með haustbeit gefur mildari aðlögun þegar inn er komið.

Til umhugsunar!

Besta leiðin til að kanna hvort mjaltabúnaður sé að virka rétt er að skoða spenaopin á kúnum í hjörðinni:

- Ef meiripartur kúnna er kominn með hvíta hringi eða sár á spenaspíssa þá er eitthvað í búnaðinum ekki að virka rétt og þarfnast lagfæringar eða stillingar !

Veðurfarið er rysjóttara og bleytutið er með verstu óvinum júgursins og ógnar júgurheilbrigðinu. Betra er að halda mjólkurkúnum inni ef mögulegt er þegar þannig viðrar og beita þeim þá frekar dagpart ef beitarframboðið er enn gott.



Hitaskil dags og nætur eru skarpari og lítið fengið með því að hafa kýrnar úti á nóttunni þegar fer að kólna.

Beitarrannsóknir hafa sýnt að virkni kúnna við að bíta er mikil mjög snemma en mest seinni partinn og fram eftir kvöldi. Hvíld um miðjan dag er algeng og virkni er lítil yfir nóttina.

Ef kúahópurinn stendur mikið saman í hnapp er ástæða til að horfa eftir hvort beitin sé nægilega góð og lystug eða

veðrið óhagstætt → hvoru tveggja næg ástæða til að halda kúnum inni !

Huga þarf að geldneytunum sem eru úti þegar þessi tími ársins fer í hönd. Þau þurfa líka sitt, bæði góð beitarstykki og skjólsæl auk viðbótarfóðurs sem jafnframt yrði góð aðlögun að vetrarfóðruninni. ■

Fita í mjólk



Jarle Reiersen, dýralæknir hjá MS

Haft hefur verið samband við 5 bændur af þeim sem hafa hæst fituhlutfall í mjólkinni það sem af er ári til að afhjúpa galdurinn við að ná þessum góða árangri. Fituinnihald mjólkur á þessum bæjum var á bilinu 4,34 – 4,42 % á tímabilinu. Frá þeim samtölum má gera eftirfarandi samantekt:

Mikilvægur liður er að slá grasið á réttum tíma:

- Helst ekki eftir dagatalinu heldur þegar vallafoxgrasið er við það að skriða. Oftast er þá einhver puntur farinn að skriða eitthvað.
- Þegar kemur að sláttutíma er mikilvægt að slá hratt og vel, ganga í verkin og klára þau hratt. Að sjálfsögðu að nýta þurrk þegar viðrar vel, en ekki bíða of lengi þannig að gras skriði of mikið. Allir viðmælendur voru með rúllur og í flestum tilfellum voru engin íblöndunarefni notuð. Hinsvegar var reynt að forþurrka vel, jafnvel allt að 35-40% þurrefnis ef veður leyfði.

Einnig er mikilvægt að endurrækta tún reglulega til að ná hárrí fituprósentu.

- Algengt er að endurrækta tún á 6 til 8 ára fresti, en einnig eru dæmi um endurræktun eftir einungis 4 ár.
- Endurrækt er háð því hvort vallafoxgrasið lifir af og gefur góða uppskeru.
- Endursáning í túnum virðist í flest öllum tilfellum vera með vallafoxgrasi í einhverri blöndu.

Almennt er vilji til þess að hafa hey af nýræktuðum túnum aðgengileg fyrir mjólkurkýrnar. Auk þess er mjólkurkúnum gefið besta heyið þar sem heyrúllur eru gefnar í heilu lagi.

- Fylgst er mjög grannt með hvenær kýrnar byrja að leifa heyinu og þá er heyi skipt út eða sópað frá.
- Kýrnar eru alls ekki láttnar éta allt upp, frekar eru geldneyti eða naut látin klára leifarnar.

Flestir viðmælenda voru ekki með heilfóðurkerfi.

Kjarnfóðurgjöf er einnig mjög mikilvægur liður í að ná hárrí fitu. Kjarni málsins þar virðist vera að gefa lítið í einu og oft á sólarhring. Þar sem kjarnfóðurbásar eru í lausagöngu snýst málið um að skammta kjarnfóður yfir allan sólarhringinn. Einn viðmælenda er með básafjós, en gefur kjarnfóður fjórum sinnum á dag. Enginn viðmælenda gaf sérstaka kjarnfóður-blöndu til að hækka fituna.

Helstu niðurstöður samtala við þessa bændur virðist vera að lögð sé mikil áhersla á gæði heys. Þetta snýst um endurræktun, sláttutíma og val á grastegundum. Einnig að láta mjólkurkýrnar fá besta heyið sem völ er á og að gefa kjarnfóður í litlum skömmtum í einu og dreifa þeim sem best á sólarhringinn. Með þessum hætti á að vera hægt að ná sem bestri vambarstarfsemi til að fá sem hæsta fitu í mjólkina vegna þess að það er fyrst og fremst í vömbinni sem mjólkurfitan myndast. Gangi ykkur vel! ■